

Innkaupastefna Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Gildissvið

Innkaupastefna Sinfóníuhljómsveitar Íslands er byggð á lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 og [stefnu ríkisins um sjálfbær innkaup frá 2021](#). Innkaupastefnan nær til starfsemi hljómsveitarinnar. Í innkaupastefnunni er skýr framtíðarsýn um framsækin og sjálfbær innkaup sem taka mið af umhverfis- og loftslagssjónarmiðum.

Markmið innkaupastefnu Sinfóníuhljómsveitar Íslands er að við innkaup á vörum og þjónustu sé markvissum og skipulögðum vinnubrögðum beitt og farið að lögum og reglum um opinber innkaup. Gæta skal að vistvænum og sjálfbærum rekstri og stuðla að nýsköpun og nýta stafrænar innkaupaleiðir þegar því verður við komið. Leiðarljósín eru jafnræði, gagnsæi og heiðarleiki. Innkaupastefna og tengdar verklagsreglur skulu stuðla að heilbrigðri samkeppni og koma í veg fyrir ómálefnalega mismunun.

Markmið

Markmið innkaupastefnu Sinfóníuhljómsveitar Íslands er að tryggja að öll innkaup séu sjálfbær, hagkvæm, gagnsæ og samfélagslega ábyrg. Sinfóníuhljómsveit Íslands setur sér eftirfarandi vinnureglur:

- Að leita ávallt leiða til þess að tryggja val á umhverfisvottuðum vörum (t.d. Evrópublómíð og Svanurinn) og að vistvæn innkaup verði almenn regla. Ákvarðanir um innkaup séu í takt við áherslur í umhverfis – og loftlagsstefnu hljómsveitarinnar og fylgi áherslu ríkisins um græn skref.
- Að velja kost sem er síður skaðlegur umhverfi, loftslagi og heilsu, samanborið við aðra kosti sem uppfylla sömu þörf, og hefur jafnframt sama eða lægri líftímakostnað.
- Að áður en húsgögn eru keypt er fyrst athugað hvort til séu notuð húsgögn í geymslu, hjá öðrum stofnunum/fyrirtækjum eða nytjamörkuðum.
- Að leita ávallt leiða til að endurnýta eldri raftæki, húsgögn, eldhústæki eða borðbúnað áður en hugað er að endurnýjun. Ef endurnýting er ekki möguleg er hlutunum komið áfram til nytjamarkaða eða annarra aðila sem geta nýtt hlutina áfram.
- Að leitast við að nýta þjónustu Ríkiskaupa en hún stuðlar að sem mestri hagkvæmni í öflun aðfanga til ríkisrekstrar með áherslu á virka samkeppni, jafnræði og nýsköpun.
- Að leitast ávallt við að nýta rammamarkað Ríkiskaupa, þar sem við á og því verði við komið.
- Fara eftir lögum og reglum um opinber innkaup og bjóða út kaup á vörum og þjónustu sem eru yfir viðmiðunarmörkum.
- Að samningar og innkaup byggist á samfélagslegri ábyrgð.
- Að allir starfsmenn þekki markmiðin í innkaupastefnunni. Innkaupareglur og innkaupaaðferðir eru skýrar og gagnsæjar. Öll innkaup eiga að fylgja samþykktum verklagsreglum.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Eftirlit og eftirfylgni

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á innkaupastefnunni og markmiðum hennar. Fjármálastjóri ber ábyrgð á innleiðingu innkaupastefnunnar, auk þess að sinna fræðslu- og eftirlitshlutverki.

Stefnan staðfest af yfirstjórn

5. júní '24

(dagsetning)

Sigríður Hauksdóttir
f. hönd Sinfóníuhljómsveitar Íslands